

## REGLUGERÐ

### um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1882/2006 um aðferðir við sýnatöku og greiningu vegna opinbers eftirlits með innihaldi nitrats í tilteknum matvælum.

#### 1. gr.

##### *Innleiðing.*

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í XII. kafla II. viðauka skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af II. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 1/2008, frá 2. febrúar 2008, öðlast eftirfarandi EB-gerð gildi hér á landi:

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1882/2006 um aðferðir við sýnatöku og greiningu vegna opinbers eftirlits með innihaldi nitrats í tilteknum matvælum.

#### 2. gr.

##### *Fylgiskjal.*

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar skv. 1. gr. er birt sem fylgiskjal við reglugerð þessa.

#### 3. gr.

##### *Eftirlit.*

Matvælastofnun og heilbrigðisnefndir sveitarfélaga undir yfirumsjón Matvælastofnunar fara með eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt í samræmi við 6. og 22. gr. laga nr. 93/1995.

#### 4. gr.

##### *Þvingunarúrræði og viðurlög.*

Um brot gegn reglugerð þessari fer samkvæmt 30. gr., 30. gr. a – 30. gr. e og 31. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli.

#### 5. gr.

##### *Lagastofð.*

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 31. gr. a laga nr. 93/1995 um matvæli, með síðari breytingum.

#### 6. gr.

##### *Gildistaka.*

Reglugerðin tekur þegar gildi. Þó taka efnisákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1882/2006 ekki til frumframleiðslu á kjöti, mjólk og eggjum fyrir en 1. nóvember 2011. Um hugtakið „frumframleiðslu“ gildir skilgreining 4. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli.

*Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 15. mars 2010.*

**Jón Bjarnason.**

*Baldur P. Erlingsson.*

**Fylgiskjal.****REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1882/2006**

frá 19. desember 2006

**um aðferðir við sýnatöku og greiningu vegna opinbers eftirlits með innihaldi nitrats í tilteknum matvælum**

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópubingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 um opinbert eftirlit til að staðfesta að lög um fóður og matvæli og reglur um heilbrigði og velferð dýra séu virt <sup>(1)</sup>, einkum 4. mgr. 11. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1881/2006 frá 19. desember 2006 um hámarksgildi fyrir tiltekin aðskotaefni í matvælum <sup>(2)</sup> er kveðið á um hámarksgildi fyrir nitrát í spinati, salati, salati af jöklaalatgerð, matvælum fyrir smábörn og unnum matvælum með korn sem uppistöðu fyrir ungbörn og smábörn.
- 2) Nákvæmni mælinga á innihaldi nitrats ræðst einkum af sýnatökunni og einnig af aðferðum við undirbúning sýna.
- 3) Nauðsynlegt er að setja almennar viðmiðanir sem greiningaraðferðin skal samrýmast svo að tryggt sé að rannsóknarstofur, sem annast eftirlit, styðjist við greiningaraðferðir sem eru allar svipaðar hvað varðar áreiðanleika.

- 4) Ferskt salat og spinat eru afurðir sem er mjög hætt við skemmdum og sjaldnast er hægt að halda sendingum eftir þar til niðurstöður efnagreiningar vegna opinbers eftirlits liggja fyrir. Af þeim sökum kunna lögbær yfirvöld í þessum tilvikum að telja viðeigandi og nauðsynlegt að fram fari opinber sýnataka á akrinum skömmu fyrir uppskeru.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Sýnataka, undirbúningur sýna og greiningar við opinbert eftirlit með innihaldi nitrats í matvælum, sem tilgreind eru í 1. þætti viðaukans við reglugerð (EB) nr. 1881/2006, skulu fara fram í samræmi við aðferðirnar sem settar eru fram í viðaukanum við þessa reglugerð.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. mars 2007.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. desember 2006.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Markos KYPRIANOU

*framkvæmdastjóri.*

<sup>(1)</sup> Stjóð. ESB L 165, 30.4.2004, bls. 1, leiðrétt í (Stjóð. ESB L 191, 28.5.2004, bls. 1. Reglugerðinni var breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EC) nr. 776/2006 (Stjóð. ESB L 136, 24.5.2006, bls. 3).

<sup>(2)</sup> Stjóð. ESB L 364, 20.12.2006, bls. 5.

## VIÐAUKI

AÐFERÐIR VIÐ SÝNATÖKU, UNDIRBÚNING SÝNA OG GREININGU VIÐ OPINBERT EFTIRLIT MEÐ  
INNIHALDI NÍTRATS Í TILTEKNUM MATVÆLUM

## A. ALMENN ÁKVÆÐI

Opinbert eftirlit skal fara fram í samræmi við ákvæði reglugerðar (EB) nr. 882/2004. Eftirfarandi, almenn ákvæði gilda með fyrirvara um ákvæði reglugerðar (EB) nr. 882/2004.

## A.1 Gildissvið

Sýni til opinbers eftirlits með innihaldi nitrats í matvælum, sem eru talin upp í 1. hluta viðaukans við reglugerð (EB) nr. 1881/2003, skulu tekin samkvæmt þeim aðferðum sem lýst er í þessum viðauka. Safnsýni tekin á þann hátt, annaðhvort beint af akrinum eða úr framleiðslueiningu, skulu talin dæmigerð fyrir framleiðslueiningarnar.

Ákvarðað skal á grundvelli þess innihalds sem finnst í rannsóknarsýnum hvort farið er að ákvæðum um hámarksgrildi.

## A.2 Skilgreiningar

Í þessum viðauka er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- A.2.1 „framleiðslueining“: sanngreinanlegt magn af matvælum sem eru uppskorin á sama tíma eða afhent á sama tíma og sýnatökumaður staðfestir að hafi sameiginleg einkenni, s.s. að því er varðar uppruna, afbrigði eða jarðvegsgerð innan svæðis sem er að hámarki 2 hektarar, gerð umbúða, pakkanda, sendanda eða merkingar,
- A.2.2 „framleiðsluhluti“: tiltekinn hluti stórrar framleiðslueiningar, sem valinn er þannig að það samræmist sýnatökuaðferðinni sem notuð er við þennan tiltekna hluta; hver framleiðsluhluti skal vera skilinn frá öðrum hlutum og sanngreinanlegur,
- A.2.3 „hlutasýni eða eining“: magn efnis, tekið á sama stað í framleiðslueiningunni eða framleiðsluhlutanum, Í þessu tilviki má það vera eitt salat- eða spinathöfuð eða handfylli af unglöðum (baby leaf) eða einn poki af skornum laufblöðum.
- A.2.4 „safnsýni“: sameinuð heild allra hlutasýna sem tekin eru úr framleiðslueiningunni eða framleiðsluhlutanum,
- A.2.5 „rannsóknarsýni“: sýni ætlað til rannsókna á rannsóknarstofu.
- A.2.6 „akur“: tiltekið landsvæði þar sem jarðvegsgerðin og ræktunaraðferðin er sú sama og í er eitt yrki af salati eða spinati á sama vaxtarstigi. Einnig er heimilt, í tengslum við sýnatökuaðferð, að vísa til „akurs“ sem „framleiðslueiningar“,
- A.2.7 „svæði undir hlíf“: tiltekið landsvæði undir gróðurhúsi með gleri eða plastbogagrind (polytunnel) (bogar eða gróðurhús með plasti eða pólýetýleni) sem í er eitt yrki af salati eða spinati á sama vaxtarstigi sem á að uppskera á sama tíma. Einnig er heimilt, í tengslum við sýnatökuaðferð, að vísa til „svæðis undir hlíf“ sem „framleiðslueiningar“.

## A.3 Almenn ákvæði

## A.3.1 Starfsfólk

Víðurkenndur aðili, sem aðildarríkin hafa tilnefnt, skal annast sýnatöku.

## A.3.2 Efni til sýnatöku

Taka skal sýni úr hverri framleiðslueiningu fyrir sig sem á að rannsaka. Stórum framleiðslueiningum (þ.e. framleiðslueiningar sem eru yfir 30 tonn eða stærri en 3 hektarar) skal skipt í framleiðsluhluta og taka skal sýni úr hverjum þeirra fyrir sig.

## A.3.3 Varúðarráðstafanir

Gera skal ráðstafanir þegar sýni eru tekin og undirbún til þess að koma í veg fyrir breytingar sem myndu hafa áhrif:

— á innihald nitrats, skekkja niðurstöður efnagreiningarinnar eða gera safnsýnin ódæmigerð, t.d. ef mold er á salati eða spinati við undirbúning sýnis,

á öryggi matvællanna eða áreiðanleika í þeim framleiðslueiningum sem á að taka sýni úr.

Að auki skulu gerðar allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja öryggi þeirra einstaklinga sem taka sýnin.

## A.3.4 Hlutasýni

Hlutasýni skulu, eftir því sem kostur er, tekin sem víðast úr framleiðslueiningunni eða framleiðsluhlutanum. Sé ekki farið eftir þessari aðferð verður að færa það í skrána sem kveðið er á um í lið A.3.8 í þessum viðauka.

## A.3.5 Undirbúningur safnsýnis

Safnsýnið skal myndað með því að sameina hlutasýnin.

## A.3.6 Samhlíða sýni

Taka skal samhliða sýni, vegna fullnustu ákvæða, verslunarverndar eða vegna úrskurðarmála, úr einsleitu safnsýni svo fremi það stangist ekki á við reglur aðildarríkjanna að því er varðar réttindi stjórnanda matvælafyrirtækisins.

#### A.3.7 *Pökkun og flutningur sýna*

Hvert sýni skal sett í hreinan, hvarftregan, lokaðan og ógagnsæjan plastpoka til að koma í veg fyrir rakatap og til að verja það nægilega gegn hvers kyns skemmdum eða mengun.

Sýnið skal flutt á rannsóknarstofuna innan 24 klst. frá sýnatöku og því haldið köldu meðan á flutningi stendur. Ef þetta er ekki mögulegt skal djúpfrysta sýnið innan 24 klukkustunda og halda því frosnu (í að hámarki sex vikur).

Gera skal allar frekari varúðarráðstafanir til þess að koma í veg fyrir breytingu á samsetningu sýnisins sem gæti átt sér stað meðan á flutningi eða geymslu stendur.

#### A.3.8 *Innsigling og merking sýna*

Hvert sýni, sem tekið er til opinberra nota, skal innsiglað á sýnatökustað og auðkennt samkvæmt reglum aðildarríkisins.

Halda skal skrá yfir hverja sýnatöku þannig að hver framleiðslueining verði ótvírætt sanngreinanleg og sýnatökumaður skal skrá tegund, ræktanda, framleiðsluáferð, dagsetningu, sýnatökustað, stjórnanda matvælafyrirtækis sem ber ábyrgð á sendingunni ásamt öðrum viðeigandi upplýsingum sem gætu komið greinandanum að notum.

#### A.4 **Mismunandi framleiðslueiningar**

Matvæli eru ýmist seld í lausu eða í umbúðum, þ.m.t. sekkir, pokar og kassar, eða í stökum smásölupakkningum. Beita má aðferðinni við töku sýna úr öllum matvörum í hvaða formi sem þær eru settar á markað.

#### B. **AÐFERÐ VIÐ SÝNATÖKU**

Hlutasýni skulu tekin sem víðast úr framleiðslueiningunni eða framleiðsluhlutanum.

#### B.1 **Sýnataka á akri**

Ef lögbært yfirvald telur nauðsynlegt að taka sýni úr salati eða spinati á akri verður að taka þau á eftirfarandi hátt:

Ekki skal taka hlutasýni af svæðum sem virðast ódæmigerð fyrir akurinn eða svæðið undir hlífinni. Svæði með mismunandi jarðvegsgerð, þar sem notaðar hafa verið mismunandi ræktunaraðferðir eða þar sem um er að ræða mismunandi yrki af salati eða spinati eða sem á að skera upp á mismunandi tíma, skulu meðhöndluð sem aðskildar framleiðslueiningar eða aðskildir akrar. Ef akurinn er stærri en 3 hektarar skal skipta honum í framleiðsluhluta sem eru 2 hektarar hver og taka sýni úr hverjum framleiðsluhluta fyrir sig.

Safna skal hlutasýnum með því að ganga í „W“- eða „X“-laga mynstri um akurinn. Plöntur, sem teknar er úr mjóum beðum eða af svæðum undir hlíf, skulu teknar upp eftir „W“- eða „X“-laga mynstri úr nokkrum beðum og sameinuð til að mynda safnsýnið.

Plöntur skulu skornar niðri við jörð.

Sýnið verður að innihalda a.m.k. 10 plöntur og safnsýni með 10 plöntum verður að veða a.m.k. 1 kg. Eingöngu skal taka sýni úr einingum af markaðshæfri stærð <sup>(1)</sup>. Fjarlægja skal mold, óæt ytri blöð og skemmd laufblöð af hverri einingu.

**B.2 Sýnataka á markaði úr framleiðslueiningum spinats, salats, matvæla fyrir smábörn og unninna matvæla með korn sem uppistöðu fyrir ungbörn og smábörn**

Sýnatökuaðferðin er notuð við framleiðslueiningar sem eru 25 tonn eða minni.

Ef um er að ræða stórar framleiðslueiningar (framleiðslueiningar > 30 tonn) skal skipta þeim í framleiðsluhluta, sem eru að jafnaði 25 tonn, með því skilyrði að unnt sé að skilja framleiðsluhlutana í sundur. Þyngd framleiðslueiningar er ekki alltaf heilt margfeldi af 25 tonnum og með hliðsjón af því má þyngd framleiðsluhluta vera mest 20% meiri en tilgreind þyngd. Þyngd framleiðsluhlutans kann því að vera á bilinu 15-30 tonn. Sé framleiðslueiningu ekki skipt í framleiðsluhluta eða ef það er ekki hægt er sýnið tekið úr framleiðslueiningunni.

Safnsýnið skal vera minnst 1 kg nema það sé ekki gerlegt, t.d. þegar sýni er eitt kálhöfuð eða stakur pakki.

Lágmarksfjöldi hlutasýna, sem taka skal úr framleiðslueiningu, er tilgreindur í töflu 1.

Tafla 1

**Lágmarksfjöldi hlutasýna sem taka skal úr framleiðslueiningu**

Þyngd framleiðslueiningar (í kg)	Lágmarksfjöldi hlutasýna sem taka skal	Lágmarksþyngd safnsýnis (kg)
< 50	3	1
50-500	5	1
> 500	10	1

Í töflu 2 er tilgreindur fjöldi þeirra pakka sem þarf í safnsýnið þegar framleiðslueining samanstendur af einstökum pökkum.

Tafla 2

**Fjöldi pakka (hlutasýni) sem þarf í safnsýni þegar framleiðslueining samanstendur af einstökum pökkum**

Fjöldi pakka eða eininga í framleiðslueiningu	Fjöldi pakka eða eininga sem taka skal	Lágmarksþyngd safnsýnis (kg)
1-25	1 pakki eða eining	1
26-100	u.þ.b. 5%, a.m.k. 2 pakkar eða einingar	1
> 100	u.þ.b. 5%, 10 pakkar eða einingar að hámarki	1

<sup>(1)</sup> Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1543/2001 frá 27. júlí 2001 þar sem mælt er fyrir um markaðsstaðal varðandi salat og hrokkínblaða- og stórblaða salatfífla (Stjtið. EB. L. 203, 28.7.2001, bls. 9), eins og henni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 6/2005 frá 4. janúar 2005 (Stjtið. ESB. L 2, 5.1.2005, bls. 3), er kveðið á um markaðsstaðal varðandi salat og hrokkínblaða og stórblaða salatfífla.

Taka skal sýni úr hverri einstakri framleiðslueiningu eða hverjum framleiðsluhluta sem hafa skal eftirlit með. Ef slík aðferð við töku sýna hefði óviðunandi, viðskiptalegar afleiðingar vegna skemmda á framleiðslueiningu (vegna stærðar umbúða, flutningsmáta o.s.frv.) er þó heimilt að beita annari aðferð við sýnatöku, að því tilskildu að hún tryggi að safnsýnið sé nægilega dæmigert fyrir framleiðslueininguna og að henni sé að fullu lýst og hún skjalfest. Staðurinn í framleiðslueiningunni, þar sem sýnið er tekið, skal helst vera valinn af handahófi en ef slíkt er ógerlegt skal sýnið tekið af handahófi úr aðgengilegum hlutum framleiðslueiningarinnar.

### B.3 Sýnataka á smásölustigi

Sýnataka úr matvælum á smásölustigi skal fara fram, ef hægt er, í samræmi við ákvæðin um sýnatöku sem eru sett fram í lið B.2.

Ef það er ekki hægt má nota aðra aðferð við sýnatöku á smásölustigi, að því tilskildu að hún tryggi að safnsýnið sé nægilega dæmigert fyrir framleiðslueininguna, sem sýnið er tekið úr, og að henni sé að fullu lýst og hún skjalfest<sup>(1)</sup>.

### B.4 Mat á samræmi framleiðslueiningar eða framleiðsluhluta

— samþykki ef rannsóknarsýnið samræmist ákvæðum um hámarksgildi, að teknu tilliti til mælióvissu og leiðréttingar fyrir endurheimt,

— synjun ef rannsóknarsýnið fer án vafa yfir hámarksgildi, að teknu tilliti til mælióvissu og leiðréttingar fyrir endurheimt (þ.e. niðurstöður greininga, leiðréttar að því er varðar endurheimt og að frádreginni útvíkkaðri mælióvissu, eru notaðar til að meta samræmi).

## C. UNDIRBÚNINGUR SÝNA

1. Ef um er að ræða töku sýna úr ferskvöru skal undirbúa sýnið innan 24 klukkustunda frá sýnatöku ef unnt er. Ef ekki skal sýnið geymt frosið (að hámarki í sex vikur).

2. Fjarlægja skal mold, mjög óhrein laufblöð og önnur óæt og skemmd ytri blöð af hverri einingu fyrir sig. Óleyfilegt er að skola sýnin þar sem innihald nitrats getur minnkað við það.

3. Allt sýnið skal gert einsleitt (valkvætt hvort þekktu magni af vatni er bætt við). Það ræðst af stærð blandarans/kvarnarinnar/hakkavélarinnar sem notuð er hvort einni eða fleiri einstökum einingum er blandað saman til að gera þær einsleitar. Hægt er að auðvelda blöndun með því að frysta og hakka einingarnar áður þær eru gerðar einsleitar. Sýna skal fram á að fullkomin einsleitni náist með einsleitni ferlinu sem notað er. Alger einsleitni er nauðsynleg til hámarksútdráttar og endurheimar á nitrati. Meðhöndla skal öll sýni á þennan hátt án tillits til þess hvort þau eru tekin af akri eða af smásölustiginu.

4. Eitt eða fleiri sýni eru tekin úr samsettri grugglausn til greiningar.

## D. GREININGARAÐFERÐ, GREINARGERÐ UM NIÐURSTÖÐUR OG KRÖFUR UM EFTIRLIT Á RANNSÓKNARSTOFU

### D.1 Skilgreiningar

Í þessum viðauka er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

$r$  = Endurtekningarnákvæmni: það gildi sem er stærra en tölulegur mismunur tveggja stakra prófunarniðurstaðna, sem eru fengnar við endurtekningarnákvæm skilyrði (þ.e. sama sýni, sami starfsmaður, sami tækjabúnaður, sama rannsóknarstofa og með skömmu millibili), og vænta má að liggi innan tiltekinnna líkinda (venjulega 95%) og því er  $r = 2,8 \times s_r$ .

$S_r$  = Staðalfrávik, reiknað út frá niðurstöðum sem fást við endurtekningarnákvæm skilyrði.

<sup>(1)</sup> Ef magn til sýnatöku er svo lítið að ómögulegt er að ná safnsýni sem er 1 kg má safnsýnið vege minna en 1 kg. Ef um er að ræða sýnatöku úr unnum matvælum með korn sem uppistöðu fyrir ungbörn og smábörn má safnsýnið vege minna en 0,5 kg.

$RSD_r$  = hlutfallslegt staðalfrávik, reiknað út frá niðurstöðum sem fást við endurtekningarnákvæm skilyrði  $[(s_r / \bar{x}) \times 100]$ .

$R$  = samanburðarnákvæmni: það gildi sem er stærra en tölulegur mismunur tveggja stakra prófniðurstaðna, sem eru fengnar við samanburðarnákvæm skilyrði (þ.e. sem starfsmenn á mismunandi rannsóknarstofum fá með staðlaðri prófunaraðferð á sams konar efni), og vænta má að liggi innan tiltekinnna líkinda (venjulega 95%);  $R = 2,8 \times s_R$ .

$s_R$  = staðalfrávik, reiknað út frá niðurstöðum sem fást við samanburðarnákvæm skilyrði.

$RSD_R$  = hlutfallslegt staðalfrávik, reiknað út frá niðurstöðum sem fást við samanburðarnákvæm skilyrði  $[(s_R / \bar{x}) \times 100]$ .

## D.2 Almennar kröfur

Greiningaraðferðir, sem notaðar eru við matvælaeftirlit, verða að samrýmast ákvæðum 1. og 2. liðar í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 882/2004.

## D.3 Sértaekar kröfur

### D.3.1 Útdráttaraðferð

Gefa verður þeirri útdráttaraðferð sem notuð er sérstakan gaum. Sannað hefur verið að ýmsar útdráttaraðferðir tryggja virkan útdrátt nitrats, s.s. útdráttaraðferð með heitu vatni eða metanóli/vatni (30/70). Útdrátt með köldu vatni má einungis nota ef greiningarsýnið hefur verið fryst áður en útdráttur á sýni fer fram.

### D.3.2 Nothæfisviðmiðanir

Sértæku viðmiðanirnar fyrir aðferðir við greiningar, sem notaðar eru til að hafa eftirlit með innihaldi nitrats, eru sem hér segir:

Viðmiðun	Styrkleikasvið	Ráðlögð gildi	Leyfilegt hámarksgildi
Endurheimt	< 500 mg/kg	60–120%	
	≥ 500 mg/kg	90–110%	
Samkvæmni ( $RSD_R$ )	Allt	sem leidd eru af Horwitz-jöfnunni	2 × gildið sem leitt er af Horwitz-jöfnunni
Samkvæmni ( $RSD_r$ ) má reikna sem 0,66 sinnum samkvæmni ( $RSD_R$ ) í þeim styrk sem um ræðir.			

#### Athugasemdir varðandi nothæfisviðmiðanir

— styrkleikasvið eru ekki tilgreind þar eð samkvæmnisgildin eru reiknuð út við viðkomandi styrkleika,

— samkvæmnisgildin eru reiknuð samkvæmt Horwitz-jöfnunni, þ.e.:

$$RSD_R = 2^{(1-0,5 \log C)}$$

þar sem:

—  $RSD_R$  er hlutfallslega staðalfrávik, reiknað út frá niðurstöðum sem fást við samanburðarnákvæm skilyrði  $[(s_R / \bar{x}) \times 100]$

—  $C$  er styrkhluftalið (þ.e. 1 = 100 g/100 g, 0,001 = 1 000 mg/kg).

**D.4 Greinargerð um niðurstöður, mat á mælióvissu og útreikningur á endurheimt<sup>(1)</sup>**

Greina skal frá niðurstöðum greininga, leiðréttum eða óleiðréttum að því er varðar endurheimt. Tilgreina skal aðferð sem er notuð til að greina frá niðurstöðum og hlutfall endurheimtar. Niðurstöður greininga, leiðréttar að því er varðar endurheimt, skulu notaðar til að ganga úr skugga um að farið sé að kröfum.

Greina ber frá niðurstöðu greiningar sem  $\times$  +/- U þar sem  $\times$  er niðurstaða greiningarinnar og U er aukna mælióvissan.

U er útvíkkaða mælióvissan með þekjustuðulinn 2 sem gefur öryggisstig sem er u.þ.b. 95%.

Þessar tulkunarreglur gilda um niðurstöður efnagreiningar með tilliti til samþykktar eða synjunar á framleiðslueiningu. Landsreglur gilda um greiningu sem er gerð með tilliti til verslunarverndar eða úrskurðarmála.

**D.5 Gæðaviðmiðanir fyrir rannsóknarstofur**

Rannsóknarstofa verður að fara að ákvæðum 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 882/2004.

---

B-deild – Útgáfud. 29. mars 2010

<sup>(1)</sup> Nákvæmari upplýsingar um mismunandi aðferðir til þess að meta mælióvissu og um málsmeðferð til að meta endurheimt eru í skýrslunni „Report on the relationship between analytical results, measurement uncertainty, recovery factors and the provisions of EU food and feed legislation“ — [http://ec.europa.eu/food/food/chemicalsafety/contaminants/report-sampling\\_analysis\\_2004\\_en.pdf](http://ec.europa.eu/food/food/chemicalsafety/contaminants/report-sampling_analysis_2004_en.pdf).